

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2025

Kolefnismarkaðir
Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi

Kolviður fagnar framkominni skýrslu.

Ágætlega hefur tekist að greina óskipulagða stöðu kolefnismarkaða hér á landi og kanna tækifæri íslenskra fyrirtækja á þessum mörkuðum.

Kolviður var stofnaður árið 2006 og er óhagnaðardrífinn sjóður með stofnskrá. Stofnendur sjóðsins eru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd, með stuðningi ríkisstjórnar Íslands.

Markmið sjóðsins er binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- a. Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
- b. Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- c. Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- d. Draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- e. Skapa útivistarsvæði með skógrækt með lýðheilsu í huga.
- f. Vinna að endurnýtingu/endurvinnslu skóga með áframhaldandi kolefnisbindingu.

Kolviður hefur unnið samkvæmt framangreindum markmiðum sl. 17 ár, fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem vilja sýna samfélagslega ábyrgð með framtíðar bindingu á losun sinni á gróðurhúsa-lofttegundum. Gróðursettar hafa verið um 2,5 milljónir plantna og eru áætluð um 300 þús. tonn CO₂ í bindingarferli.

Skipulag Kolviðar fylgir kröfum í alþjóðlega staðlinum ISO 14064-2 fyrir kolefnisbindingu. Kolviður fékk viðurkenningu (e. validation) á verkferlum sínum og verkefni í maí 2024 frá Bureau Veritas á Bretlandi.

Við þökkum fyrir tækifærið að koma með ábendingar við skýrslu Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneytisins um kolefnismarkaði og munum fylgja kaflaskiptingu skýrslunnar í ábendingum okkar.

Almennt

Kolviður telur að kolefnisbinding með skógrækt skuli vottuð af faggiltum vottunaraðila sem staðfestir að hönnun og skipulag kolefnisverkefnisins uppfylli settar kröfur í ISO 14064-2 staðli og að einingarnar muni raungerast í framtíðinni og því flokkaðar í bið (e).

pending/futures). Kröfur ISO 14064-2 staðalsins fyrir kolefnisbindingu ættu að vera skilyrði til framleiðslu kolefniseininga á valkvæða markaðnum.

Nú felst aðkoma opinberra aðila að valkvæða markanum m.a. í að ríkið á og rekur valkvætt kröfusettt fyrir kolefnisverkefni með nýskógrækt sem nefnist Skógarkolefni. Ekki er ljóst hvort það kröfusettt uppfyllir þær kröfur sem ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins ættu að gera til keyptru kolefniseininga.

Kolviður skilgreinir nýskógrækt sem vænta kolefnisbindingu eða einingar í bið, sem raungerast að fullu á 50 árum en mælingar á bindingu á vaxtartímanum leiða í ljós raungerða bindingu sem er þá sannprófuð (e. verified) af faggiltum vottunaraðila og afskrifuð á móti væntri kolefnisjöfnun sem keypt hefur verið sem einingar í bið.

Það er mikilvægt að tilgreina með skýrum hætti að opinberum aðilum sé heimilt að kaupa væntar kolefniseiningar, einingar í bið, úr viðurkenndum skógræktarverkefnum til kolefnisbindingar á móti útreiknaðri losun sinni.

Hér á eftir fara athugasemdir og ábendingar Kolviðar við þær tillögur sem koma fram í skýrslunni á bls. 4 til 6.

A. Ríkið sem kaupandi kolefniseininga

1. Við tökum undir mikilvægi þess að fá leiðbeiningar um mat á gæðum kolefniseininga sem ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti kaupa innanlands og ekki síður erlendis. Í þessu sambandi vaknar sú spurning hvort eðlilegt sé að ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins kaupi kolefniseiningar erlendis þar sem þær nýtast ekki til lækkunar í loftslagsbókhaldi Íslands.
2. Við tökum undir mikilvægi staðfestingar á verkefnum frá aðilum með alþjóðlega faggildingu. Skilgreina þarf hvað átt er við með "raunverulegur loftslagsávinningur". Nýskógrækt sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur hefur notið viðurkenningar sem raunveruleg binding á grundvelli alþjóðasamninga sem Ísland hefur undirgengist. Kolviður hefur starfað á grundvelli bestu aðgengilegrar þekkingar um áhrif nýskógræktar á bindingu kolefnis á Íslandi. Undanfarin misseri hefur vaknað umræða og verið viðraðar efasemdir um þann ávinning. Það er mikilvægt að yfirvöld veiti skýr skilaboð um þetta efni; hver sé raunverulegur loftslagsávinningur og á hve löngum tíma hann skili sér. Kolviður ætlar sér 50 ára vaxtartíma skógarins til kolefnisbindingar. Árleg binding byrjar hægt en eykst síðan og nær hámarki sínu eftir mislangan tím eftir tegundum og aðstæðum en minnkar síðan. Í öllum áætlunum er horft til meðalbindingar yfir vaxtartímann og til þess notaður Skógarkolefnisreiknir sérfræðinga Lands og skógar.
3. Kolviður miðar við að kolefnisbinding með skógrækt taki 50 ár. Að öllum líkindum heldur nýskógrækt áfram að binda kolefni talsvert lengur ef gengið er um skóginn með sjálfbærnisjónarmiði að leiðarljósi. Það eru ekki margir lögaðilar sem ná að verða 50 ára eða eldri. Því teljum við mikilvægt að ut anumhald um skráningu skógræktarverkefna til kolefnisbindingar sé með samræmdum hætti hjá opinberum aðila líkt og fasteignaskrá, ökutækjaskrá og fleiri slíkar skrár. Þannig getur hið opinbera einnig með öruggum hætti veitt nauðsynlegar upplýsingar til EU og UN.

4. Hér á við það sama og undir lið 1 hvað varðar leiðbeiningar um gæði keyþra kolefniseininga innanlands og erlendis. Viðurkenningar og vottun verkefna samkvæmt ISO 14064-2 staðli og úttektir viðurkenndra vottunaraðila eiga að tryggja að einingarnar verði raunverulegar (e. real), mælanlegar (e. measurable), varanlegar (e. permanent) og rekjanlegar (e. traceable). Að um sé að ræða viðbótarangur (e. additionality) að þær séu einkvæmar (e. unique) og ekki tvítaldar (e. no double counting)
5. Með samræmdu opinberu skráningarkerfi (Kolefnisskrá Íslands), sem bæði nær til útgáfu- og eignarskráningar, ætti að vera hægt að upplýsa um útgáfu eininga, fjölda keyþra eininga og tegund verkefna jafnt fyrir opinbera- og einkaaðila. Það felst hagkvæmni í því í litlu landi að sama kerfið þjóni öllum aðilum.
6. Mikilvægt er að opinberir aðilar gangi á undan með góðu fordæmi.
7. Við útboð á kaupum kolefnisbindingar þarf að vanda til framsetningar matsþátta annarra en sjálfrar bindingarinnar.
8. Tekið er undir það að ríkið sem landeigandi skilgreini þau landsvæði sín sem vilji er til að ráðstafa til loftslagsaðgerða og að jafnræðis sé gætt um afnot af þeim. Þó getur átt við að skilja þar á milli aðila sem leggja stund á skógrækt í hagnaðarskyni og þeirra sem eru óhagnaðardrífir eins og Kolviður og skógræktarfélagin. Ef það er ríkur vilji hins opinbera að efla skógrækt sem loftslagsaðgerð gæti þurft að koma til stuðningur við þá bændur sem eru tilbúnir að láta land undir skógrækt. Nú er tækifæri til að skila landinu því sem forfeður okkar þurftu til húsagerðar og hitunar með því að endurheimta vistkerfi. Þó ríkið vilji skilgreina landsvæði til skógræktar þá liggur afgreiðsla framkvæmdaleyfa hjá sveitarfélögunum. Óheppilegt er að lítið samræmi er á milli sveitarfélaga um aðkomu þeirra að loftslagsmálum og kolefnisbindingu og ólík afstaða er hjá sveitarstjórnnum til skógræktar.

B. Lagabreytingar

1. Tekið er undir mikilvægi lagalegrar skilgreiningar á kolefniseiningu.
2. Hér er vísað í ábendingu við A 3 hér að ofan um opinbera skráningu. Varast ber að byggja upp flókið og kostnaðarsamt milliliða-viðskiptakerfi sem skilar litlu til landeigenda og framleiðenda kolefniseininga og eykur kostnað aðila í atvinnurekstri, sem skilar sér síðan út í verðlagið. Kaup á kolefnisbindingu ætti að geta verið eins og kaup á öðrum aðföngum milliliðalaust frá framleiðanda eða heildsala.

c. Stefnumótun

1. Engar ábendingar, en eðlilegt er að ríkið setji bindingu hér á landi í forgang. Minna má á heimild til að nýta 200 þúsund tonna bindingu gagnvart bindandi markmiðum ESB fyrir samfélagslosun. Að ríkið nýti innlenda bindingu gæti veitt fjölþættan ávinning fyrir samfélagið.
2. Engar ábendingar.
3. Það vantar aukna "græna hvata" til handa þeim sem sýna samfélagslega ábyrgð með kaupum á kolefnisbindingu. Kaup á kolefnisbindingu geta haft neikvæð áhrif á samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja. Í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt er aðilum í atvinnurekstri heimilað að draga frá tekjum sínum framlög til góðgerðarmála. Þarna er skógrækt og landgræðsla skilgreind sem góðgerðarmál. Eðlilegt væri að skilgreina "aðgerðir í loftslagsmálum" aðila í atvinnurekstri sem sérákvæði með grænum skattalegum hvata og fella skógrækt og landgræðslu þar undir.

Kolviður hefur lagt áherslu á samstarf við landeigendur og vill með því stuðla að því að bændur geti haft eðlilegt lífsviðurværi af jörðum sínum með því að gera samning um afnot af landi sem ekki er ætlað til sértækra nota við búskapinn og þannig skapað grundvöll fyrir endurhöggun búskapar yfir í skógarnytjar í framtíðinni.

5.3 Viðskipti með kolefniseiningar og "grænþvottur"

Það er reynsla Kolviðar að þau fyrirtæki sem kaupa kolefnisbindingu gera það af heilum hug og er í mun að standa vel að því. Vissulega hefur ruglingur með hugtök, skortur á þekkingu og skýrum viðmiðum valdið nokkrum vandkvæðum. Opinberir aðilar hafa haft ásakanir um grænþvott á lofti. Slíkar ásakanir geta leitt til þess að aðilar í atvinnurekstri haldi sig frá því að kaupa kolefnisbindingu. Það er því mikilvægt að ásakanir um „grænþvott“ í loftslagsaðgerðum séu settar fram af varfærni, séu ekki almennar og alltaf rökstuddar.

**Umsögn frá Kolviði – sjóður,
Iceland Carbonfund
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
kt. 560606-1117**

Reykjavík 3. janúar 2025
Reynir Kristinsson, stjórnarform. Kolviðar